

## Almennt

### Texti skjals:

#### 1. Tilgangur og umfang

Leiðbeiningar og upplýsingar fyrir umsækjendur um starf hjá Límtré Vírnet um hvernig þeirra persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar og þeirra réttindi þar að lútandi.

Gilt eintak þessa skjals skal vera aðgengilegt á heimasíðu fyrirtækisins þar sem er boðið upp á umsókn um störf.

#### 2. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um umsækjendur um starf

Límtré Vírnet ehf., kt. 440510-1160, Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi, hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga í hvívetna vegna þeirra persónuupplýsinga sem fyrirtækið vinnur. Öll vinnslu persónuupplýsinga fyrirtækisins fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og viinsslu persónuupplýsinga. Þegar Límtré Vírnet ehf. vinnur persónuupplýsingar um umsækjendur um störf telst Límtré Vírnet ehf. vera ábyrgðaraðili viinsslu persónuupplýsinga í skilningi persónuverndarlaga.

Límtré Vírnet ehf. safnar upplýsingum um umsækjendur um störf hjá fyrirtækinu í þeim tilgangi að kanna hvort þeir séu hæfir til að gegna starfinu. Hér er um að ræða upplýsingar á borð við nafn, kennitöl, heimilisfang, netfang, símanúmer, mynd, menntun, starfsreynslu, áhugamál, meðmæli og aðrar upplýsingar sem eðlilegt er að komi fram í ferilskrá eða kynningarbréfi.

Upplýsingum er safnað frá þér beint og eftir atvikum frá umsagnaraðila sem þú bendir okkur á.

Söfnun og meðferð persónuupplýsinga um umsækjendur grundvallast á nauðsyn þess að gera ráðstafanir að beiðni skráðs einstaklings áður en samningur er gerður, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og viinsslu persónuupplýsinga.

Límtré Vírnet ehf. miðlar persónuupplýsingum til aðila sem eru ráðnir af fyrirtækinu til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, til dæmis þjónustuveitenda sem sjá um að geyma gögn eða gera miðlun þeirra mögulega. Vinnslusamningur er gerður í slíkum tilfellum, en hann kveður meðal annars á um skyldu þjónustuaðila til að fylgja fyrirmælum Límtré Vírnets ehf. um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti. Límtré Vírnet ehf. deilir að öðru leyti ekki upplýsingum með öðrum.

Persónuupplýsingar eru einungis geymdar til að uppfylla þann tilgang sem nefndur er hér að ofan og aldrei lengur en í 6 mánuði. Ef viðkomandi er ráðinn eru upplýsingarnar þó geymdar lengur.

Þú nýtur ákveðinna réttinda samkvæmt persónuverndarlögum, svo sem réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar, réttar til að flytja eigin gögn og réttar til að leggja inn kvörtun hjá eftirlitsaðila, þ.e. Persónuvernd. Hafa skal þó í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafir þú frekari spurningar um hvernig Límtré Vírnet ehf. meðhöndlar þínar persónuupplýsingar þá getur þú beint fyrirspurn þess efnis til fyrirtækisins.

#### Samskiptaupplýsingar:

Límtré Vírnet ehf.

Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Sími: 412 5300

[personuvernd@limtrevirnet.is](mailto:personuvernd@limtrevirnet.is)

#### Breytingar eða athugasemdir:

#### Upplýsingar um skjalið

Fyrirsögn:

Fræðsla til umsækjanda um starf

Tegund skjals:

LEI-0034

Útgáfudagur:

07.07.2020

Útgáfunúmer:

1